

# Hverfisráð Hríseyjar

## 131. fundur

Mánudaginn, 10. febrúar 2020, kl 16:00 var haldinn 131. fundur - aðalfundur hverfisráðs í Hlein.

Mættir voru: Ólafur Búi Ólafsson, Hermann Jón Erlingsson, Claudia Werdecker, 5 bæjarfulltrúar og 17 fundargestir.

Formaður hverfisráðs setti fund og var kosinn fundarstjóri.

## Dagskrá:

### 1. Skýrsla hverfisráðs lesin

Ólafur Búi Ólafsson formaður las skýrslu hverfisráðs og fór yfir það sem hverfisráð Hríseyjar gerði á síðasta starfstímabili.

### 2. Kosning í nýtt hverfisráð

Claudia Werdecker, Hermann Jón Erlingsson, Ingólfur Sigfússon og Kristinn Frímann Árnason gáfu kost á sér í hverfisráð.

Í nýja stjórn hverfisráðs voru kosin í leynilegri kosningu:

Claudia Werdecker  
Hermann Jón Erlingsson  
Ingólfur Sigfússon

Kosinn var sem varamaður:

Kristinn Frímann Árnason

### 3. Önnur mál

- a. Brothættar Byggðir: Byggðapróunarverkefningin Brothættar Byggðir er lokið, en eftir á að halda lokafund. Tillaga fyrir dagsetningu vegna lokafundar var 24. febrúar 2020.
- b. Íþróttahús: Viðhaldi á tækjum og útbúnaði í íþróttahúsi sagt ábótavant. Borð væru brotin og ekki gert við þau. Auk þess var nefnt að það vantar húsvörð í íþróttahúsið, vegna þess að starfsmaður sundlaugarinnar/íþróttahúss mætti ekki sinna þeim verkefnum.
- c. Viðhald fasteigna: Bent var á að það vantar húsvörð í Hlein sem og umsjónarmann fyrir hinar fasteignir Akureyrarbæjar í Hrísey. Einföld verkefni, eins og peruskípti, tækju of langan tíma, þar sem starfsmenn Akureyrarbæjar mættu ekki sinna þeim og kalla þyrfti til rafvirkja.
- d. Gámasvæðið: Nýja fyrirkomulagið varðandi gámasvæðið rætt (klippikort og auglýstir opnunartímar). Bæjarfulltrúar vissu ekki af þessu nýja fyrirkomulagi og sögðust ætla að endurskoða það, vegna þess að aðgangsstýring með klippikortum henti sennilega illa í Hrísey.
- e. Vegurinn við gömlu námuna: Nefnt var að vegurinn við gömlu námuna væri ónýtur og hefði skemmt talsvert eftir ölduganginn undanfarinna daga.

- f. Framkvæmdafé: Bæjarfulltrúi kannaði hvort íbúar væru ánægðir með hugmyndasamkeppnina vegna framkvæmdafjár 2019 sem fráfarandi hverfisráð hafði skipulagt. Því var játað. Óskað var auk þess eftir nánari samvinnu hverfisráðs við bæjarfulltrúa varðandi fjárveitinguna og endanlega notkun á fénu.
- g. Leiktæki á skólalóð: Skólastjóri ítrekaði að það vantaði leiktæki á skólalóðina, og að það væri oft áður búið að biðja um að fá ný tæki.
- h. Götulýsing: Íbúi benti á að nýja götulýsingin væri óeðlileg. Möguleg ástæða væri að speglarnir í ljósunum snéru rangt.
- i. Salthúsið: Salthúsið, ástand þess, og möguleikar til að koma húsinu í notkun ræddir.
- j. Svæðið við ferjubryggjuna: Spurt var hvert framhaldið væri með svæðið við ferjubryggjuna núna þegar deiliskipulag er komið. Um væri að ræða andlit eyjarinnar, og mikil nauðsyn væri að fegra það svæði.
- k. Samskipti við Akureyrarbæ: Gagnrýnt að samskipti við Akureyrarbæ væru oft hæg og erfitt að fá svör.
- l. Ljósleiðari: Formaður upplýsti fundargesti um kostnað við að fá ljósleiðara í eyjuna og verkferlið sem tengist því. Áfram yrði reynt að fá ljósleiðarann.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 17:45.

Claudia Werdecker  
Hermann Jón Erlingsson  
Ólafur Búi Ólafsson